

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

#### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu er þannig eftir tegundum gjaldaaðila:

##### *Íbúðir.*

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Sorphirðugjald	20.300 kr.
Sorpeyðingargjald, 1 sorpilát	7.250 kr.
Sorpeyðingargjald, 2 sorpilát	13.500 kr.
Sorpeyðingargjald, 3 sorpilát	19.500 kr.

##### *Frístundahús.*

Þjónusta sorphreinsunar er alla jafna ekki veitt frístundahúsum og eigendum þeirra og íbúum er bent á gá mavöll við Kirkjubæjarklaustur. Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald. Við helstu frístundabyggðir verður sorpgámur staðsettur á slíku svæði yfir mesta ferðamannatímamann frá 1. júní – 30. ágúst hvert ár. Auk sorpeyðingargjalds er á þessum svæðum lagt á gjald fyrir sorphirðu.

Sorpeyðingargjald	9.000 kr. á hvern bústað
Sorphirðugjald, þar sem það á við	8.000 kr. á hvern bústað

##### *Fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum.*

Með atvinnurekstri á lögbýli er átt við lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni og/eða annar atvinnurekstur.

Sorphirðugjald	38.500 kr.
Sorpeyðingargjald	1.850 kr./m <sup>3</sup>

#### 3. gr.

Sorphirðuaðili sér um að innheimta sorphirðugjald á fyrirtæki.

Að öðru leyti skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu innheimt með fasteignagjöldum.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi, nr. 342/2004, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 144/2013 um sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi úr gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 6. janúar 2016.*

**Sandra Brá Jóhannsdóttir** sveitarstjóri.